


Snæfellsbær
Smári Björnsson
Snæfellsási 2
360 Snæfellsbær



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 8. maí 2009
Tilvísun: UST20090500007/bs

Aðalskipulagsbreyting í Snæfellsbæ, Ólafsvík. Umsögn

Vísað er til tölvubréfs frá Húsi og skipulagi ehf þar sem óskað er f.h. Snæfellsbæjar umsagnar Umhverfisstofnunar um breytingar á aðalskipulagi Snæfellsbæjar. Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir er tengjast verksviði stofnunarinnar

1. Nýtt efnistökusvæði í Ólafsvíkurenni. Snæfellsbær hefur haft samráð við Umhverfisstofnun á fyrri stigum varðandi þessa efnistöku. Stofnunin telur frágangur eldri efnistökusvæða í hlíðum Ólafsvíkurennis samfara mótun raskaðs svæðis með frekari efnistöku muni bæta ásýnd þess svæðis sem hér um ræðir. Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við fyrirhugaða breytingu á aðalskipulagi.
2. Nýtt svæði fyrir frístundabyggð í Fossárdal. Umrætt svæði er rétt ofan Útnesvegar austan þéttbýlis í Ólafsvík. Fyrirhuguð frístundabyggð er innan svæðis nr. 223 Utanvert Snæfellsnes. Snæfellsnes vestan Fróðárheiðar utan ræktaðs lands og þéttbýlis. Náttúruverndargildi svæðisins er skilgreint á eftirfarandi hátt í Náttúruminjaskrá útg. 1996: "Fjölbreytilegt landslag, frá fjörum til efstu tinda Snæfellsjökuls. Eldstöðvar og hraun frá nútíma. Fjölsótt útivistarsvæði."

Á því svæðið sem hér um ræðir eru holt vaxin grasi og lyngi. Starfsmaður Umhverfisstofnunar á Hellissandi skoðaði aðstæður á vettvangi. Ekki er talið að umrædd frístundabyggð muni rýra náttúruverndargildi svæðis nr. 223. Fyrirhuguð byggðin verður í jaðri þess svæðis sem nýtt er til útivistar. Engin hraun frá nútíma eru á umræddu svæði. Umhverfisstofnun bendir á að gera ætti þær kröfur til bygginga á umræddu svæði að þær falli sem best að umhverfi. Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við fyrirhugaða breytingu á aðalskipulagi.

Virðingarfyllt

Björn Stefánsson
Björn Stefánsson

Ólafur A. Jónsson
Deildarstjóri

Afrit: Ingimundur Stefánsson, Skipulagsstofnun
Hildigunnur Haraldsdóttir, Bolholti 8 105 Reykjavík